



- Góð hugmynd -

Aðild að Staðlaráði

Staðlaráð Íslands, er sjálfstæð samtök hagsmunaaðila, starfar samkvæmt lögum nr. 36/2003 og hefur það hlutverk að staðfesta alþjóðlega staðla og annast gerð íslenskra staðla. Staðlaráð Íslands á aðild að alþjóðasamstarfi staðlaráða fyrir Íslands hönd og fer með atkvæði landsins á þeim vettvangi. Staðlaráð starfrækir fagstaðlaráð á þrem fagsviðum: Byggingarstaðlaráð, Rafstaðlaráð og Fagstaðlaráð í upplýsingatækni. Aðilar að Staðlaráði eru nú um 70 talsins: fyrirtæki, stofnanir, samtök og ráðuneyti.

Mikilvægt að fylgjast með

Staðlar eru afar mikilvægir í evrópsku lagaumhverfi. Tilskipanir og reglugerðir Evrópusambandsins (og EES) vísa mikið til staðla og slíkt færirst sífellt í vöxt. Allir samevrópskir staðlar eru staðfestir sem íslenskir staðlar, og það er því afar mikilvægt fyrir íslenska hagsmunaaðila að fylgjast vel með evrópsku staðlastarfi. Þær reglur sem settar eru fram í stöðlum munu öðlast gildi hér á landi, og því verður að gæta þess að tryggja hugsanlegum íslenskum sér- aðstæðum sess í stöðlum.

Evrópskir staðlar eru unnir með öryggi og heilsu manna og dýra, umhverfisvernd og sjálfbæra nýtingu auðlinda í fyrirúmi, en jafnframt er markmið með stöðlum að

tryggja samkeppnishæfni evrópsks atvinnulífs.

Aðild hefur marga kosti

Aðilar að Staðlaráði eiga jafnframt kost á að taka þátt í innlendu og alþjóðlegu staðlastarfi og hafa áhrif á stefnumótun og forgangsroðun í starfinu.

Fyrirtæki, stofnun eða félag sem gerist aðili að Staðlaráði Íslands

- leggur sitt af mörkum til að efla staðlastarf á Íslandi, til hagsbóta fyrir íslenskt atvinnulíf og íslenskan almenning,
- nýtur afsláttarkjara við kaup á íslenskum stöðlum,
- hefur tækifæri til að taka þátt í gerð íslenskra staðla,
- getur fylgst með og/eða tekið þátt í evrópski og alþjóðlegri staðlagerð,
- hefur ávallt aðgang að nýjustu upplýsingum um gildandi og væntanlega staðla, íslenska sem alþjóðlega,
- getur haft áhrif á staðlastarf á þeim fagsviðum sem skipta það mestu máli,
- getur tekið þátt í að móta stefnu í staðlamálum, með því að koma hagsmunamálum sínum á framfæri innan Staðlaráðs eða fagstaðlaráða þess,
- hefur atkvæðisrétt á aðalfundi Staðlaráðs og þar með áhrif á stærstu ákvarðanir þess.



*Guðrún Rögnvaldardóttir,
framkvæmdastjóri Staðlaráðs Íslands.*

Fyrirtæki, stofnun eða félag sem gerist aðili að Staðlaráði Íslands

- greiðir árlegt aðildargjald samkvæmt ákvörðun aðalfundar Staðlaráðs,
- velur hvort það vill láta aðildargjald sem það greiðir renna til almennrar starfsemi Staðlaráðs eða til eins eða fleiri fagstaðlaráða Staðlaráðs,
- samþykkir að starfa samkvæmt starfsreglum Staðlaráðs og viðkomandi fagstaðlaráðs eða -ráða, eins og við á.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Staðlaráðs, www.stadlar.is.

Námskeið 7. og 8. febrúar

Stjórnun upplýsingaöryggis
samkvæmt ISO/IEC 17799

- Lykilatriði og notkun -

Nánari upplýsingar á www.stadlar.is

Lýsing á vegum - bls. 2

CE og byggingavörur - bls. 3

Staðlabúðin - bls. 4

- CEN/TR 13201-1: Val á lýsingarflokkum -

Lýsing á vegum

Með þessari stuttu grein viljum við Mveikja sérstaka athygli á tækniskýrslu CEN/TR 13201-1 um val á lýsingarflokkum fyrir vegi sem nú kemur út í íslenskri þýðingu.

Vegaframkvæmdir og lýsing

Einn þáttur vegakerfisins er lýsing veganna. Ákvörðun um það hvort vegur skuli lýstur er tekin á grundvelli umferðarþunga og ýmissa umhverfisaðstæðna. Grundvöllinn fyrir hönnun lýsingarkerfisins er að finna í áður nefndri tækniskýrslu, CEN TR 13201-1:2003 *Road lighting - Part 1: Selection of lighting classes*. Við það bætast þrjár staðlar: ÍST EN 13201-2:2003: *Lýsingarkröfur*, ÍST EN 13201-3:2003: *Útreikningar* og ÍST EN 13201-4:2003: *Mælingar*.

Lýsingarflokkar

Í tækniskýrslunni er að finna eftirfarandi heiti og skilgreiningar sem öll hafa áhrif á val lýsingarflokka:

Flokkur notenda • Hægfara ökutæki • Vélvædd umferð • Hjólréiðafólk • Fótgangendur • Einkennandi hraði aðalnotanda • Athugunarsvæði • Árekstrarsvæði • Mislæg vegamót • Jafnlæg vegamót • Umferðarflæði ökutækja • Meðal-umferð á dag • Vandastig stjórnanda ökutækis • Afbrotahætta • Truflanir í sjónsviði • Ljómastig umhverfisins • Ríkjandi veðurfar.

Auk þess er í skýrslunni gerð grein fyrir kröfum vegna glýju, svo og kröfum til litendurgjafar, sjónleiðingar og orkunotkunar. Einnig eru settar fram reglur til að bera saman lýsingu svæða og samræmingu á lýsingu aðliggjandi svæða. Í tækniskýrslunni er skýrt tekið fram að hana ber ekki að nota til ákvörðunar um hvort vegur skuli lýstur eða ekki. Sé hins vegar ákveðið að lýsa veg, má fylgja þeim reglum sem settar eru fram í tækniskýrslunni og gildandi stöðlum að auki. Með því er best stuðlað að vandaðri lýsingu.



Aðalsteinn Guðjohnsen,
fyrirverandi rafmagnsstjóri

Ljóstæknifélag og Staðlaráð

Á undanförunum árum hefur Ljóstæknifélag Íslands (LFÍ) gefið út nokkur ný rit um lýsingu. Þeim er ætlað að bæta úr þörf fyrir íslensk fræðslurit um lýsingu, svo og um hönnun lýsingarkerfa með tilvísun í gildandi staðla.

Ritið *Götu- og veglýsing* er eitt þessara rita. Endurprentun þess er nú í undirbúningi, með viðbótarefni um ljósastólpa og annan vegbúnað. Ekki er um staðal að ræða, heldur reglur settar fram með stoð í stöðlum.

Ljóst var frá upphafi að í ritið vantaði kafla um vegbúnað til að í því fælist tæmandi grundvöllur fyrir hönnun. Vegbúnaður, svo sem stólpar, vegrið og skilti, hefur mjög verið til umfjöllunar hjá þeim sem fást við öryggismál í umferð. Til að gæta allra öryggissjónarmiða þótti sýnt að ekki væri nóg að fjalla um gerð og frágang ljósastólpa, heldur yrði einnig að gera öðrum vegbúnaði skil.

Það er ánægjulegt að gott samstarf hefur tekist með Staðlaráði Íslands og LFÍ um þetta mál. Til fróðleiks um samstarf þessara aðila á undanförunum árum er rétt að nefna útgáfu LFÍ á eftirtöldum ritum:



Egill Skúli Ingibergsson,
verkfræðingur.

Götu- og veglýsing (með Gatnamálastofu, Vegagerðinni og Sambandi íslenskra sveitarfélaga - 2004)

Neyðarlýsing (með Brunamálastofnun - 2004)

Ljós og rými (ásamt birtutöflu) (með Vinnueftirlitinu og Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins - 2005)

Góð lýsing í skólum (með Menntamálaráðuneytinu - 2006)

Ljóstvistar (LED) (2006)

Í öllum þessum ritum er víðeigandi staðla sérstaklega getið.

Mikill fengur er að ritunum fyrir viðkomandi aðila varðandi gæði lýsingarinnar, svo og framkvæmdir, viðhald og rekstur lýsingarkerfanna. Þau eru einnig gagnleg fyrir verkfræðistofur að því er tekur til hönnunar og útboðsskilmála.

Greinarhöfundar þakka samstarfið við Staðlaráð, framkvæmdastjóra þess og starfsfólk, sem hefur verið með miklum ágætum. Gott samstarf allra aðila, sem ábyrgð bera á umferðaröryggi í landinu, er forsenda þess að góður árangur náist.

- www.si.is/ce -

Upplýsingaveita um CE-merkingar á byggingavörum

Þó að á Íslandi hafi um alllangt skeið mátt finna ýmsan fróðleik og upplýsingar varðandi CE-merkingar á byggingavörum og innri markaði ESB er óhætt að fullyrða að þar hafi oftast verið um almennan fróðleik að ræða. Þess vegna tóku Samtök iðnaðarins því fagnandi þegar danska Iðntækni- stofnunin gaf þeim leyfi til að þýða frábæran upplýsingavef sem er hannaður sérstaklega fyrir byggingavöru- framleiðendur og birgja vegna CE-merkinga á byggingavörum.

Skref fyrir skref

Hér er á ferðinni gagnlegur gátlisti sem í

rökréttri röð inniheldur upplýsingar og staðreyndir sem eru til þess fallnar að veita framleiðendum og birgjum djúpan skilning á efninu með stuðningi raunverulegra dæma. Þetta er gátlisti skref fyrir skref sem hefst á fróðleik og staðreyndum og endar á faglegum upplýsingum og leiðbeiningum.

Leitast er við að láta hvert skref innihalda upplýsingar og dæmi sem auðvelda framleiðendum/birgjum að átta sig á hvaða kröfur eru gerðar til tiltekinnar vöru til að þeir geti tekið réttar ákvarðanir út frá eigin forsendum. Markmiðið er að smám saman öðlist framleiðendur/birgjar nægilega þekkingu til að geta unnið sem best og réttast að því að CE-merkja framleiðslu sína.



Ferdinand Hansen,
verkefnastjóri hjá Samtökum iðnaðarins.

- ÍST 51 Byggingarstig húsa -

Örugg fasteignaviðskipti

Ífréttum undanfarið hefur mikið verið í fjallað um frágang húsbýgginga og ýmislegt sem er áfátt í þeim efnunum. Það gefur tilefni til að minna enn og aftur á staðalinn ÍST 51 *Byggingarstig húsa*. ALLIR sem kaupa eða selja nýtt eða ófullbúið eða endurnýjað húsnæði ættu að nota staðalinn og vísa til hans í samningum.

Sameiginlegur skilningur kaupanda og seljanda

Neytendasamtökin fá reglulega inn á borð til sín mál sem varða fasteignaviðskipti og Staðlaráð fær oft sinni upphringingar frá fólki sem er ósátt við afhendingu húsnæðis, þar sem kaupandi og seljandi eru ekki á einu máli um hvað átt var við til dæmis með því að húsnæðið skyldi afhendast *tilbúið til innréttingar*. Með því að nota staðalinn má tryggja að skilningur kaupanda og seljanda á ákvæðum samninga sem þeir gera um nýtt

eða endurnýjað eða ófullbúið húsnæði sé hinn sami.

Sjö byggingarstig húsa

Í staðlinum eru skilgreind sjö byggingarstig:

- Byggingarstig 1 - Byggingarleyfi
- Byggingarstig 2 - Undirstöður
- Byggingarstig 3 - Burðarvirki fullreist
- Byggingarstig 4 - Fokheld bygging
- Byggingarstig 5 - Tilbúin til innréttingar
- Byggingarstig 6 - Fullgerð án lóðar- frágangs

- Byggingarstig 7 - Fullgerð bygging

Engir sem nota staðalinn í samningum þurfa að velkjast í vafa um hvað felst í því að húsnæði skuli afhendast tilbúið til innréttingar, svo dæmi sé tekið. Byggingarstig 5 er nákvæmlega skilgreint og tiltekið hvað skuli vera til staðar þannig að því stigi sé náð; frágangur skilveggja er tíundaður, frágangur lofta, lagna innanhúss, rafbúnaðar, varmaeinangrunar, svala, þaks, lóðar og fjölmargra annarra þátta. Allt er tilgreint sem þarf að vera klárt þannig að húsnæðið teljist tilbúið til innréttingar.

Námskeið 22. febrúar

ISO 9000 gæðastjórnunarstaðlarnir

- Lykilatriði, uppbygging og notkun -

Nánari upplýsingar á www.stadlar.is



- www.stadlar.is -

Borgar sig að versla í Staðlabúðinni

Í Staðlabúðinni má finna og panta alla ígildandi íslenska og evrópska staðla og frumvörp að íslenskum og evrópskum stöðlum. Þar má einnig panta alþjóðlega staðla frá ISO og IEC. Staðlaráð getur afgreitt þá með hraði, líkt og hvers konar skjöl frá alþjóðlegum staðlastofnunum. Sama á við um svonefnda þjóðarstaðla eða landsstaðla einstakra landa. Staðlaráð selur í umboðssölu þýska (DIN), breska (BS), norska (NS), sænska (SIS) og danska (DS) staðla og getur útvegað staðla frá öllum heimshornum. Pantanir eru póstlagðar samdægurs eða næsta virka dag en í mörgum tilfellum getur viðskiptavinur sótt gögn sem hann hefur keypt yfir netið um leið og gengið hefur verið frá pöntun. - Hægt er að greiða örugglega með greiðslukorti en einnig má hringja og óska eftir reikningsviðskiptum.

Kostirnir við að versla í Staðlabúðinni

Með því að versla í Staðlabúðinni geturðu fengið

- öfluga leitarmöguleika og leiðbeiningar um leit,

- öruggari afgreiðslu,
- yfirlit yfir eigin pantanir á „Síðan mín“,
- tækifæri til að skoða efnisyfirlit og umfang skjala áður en kaup eru ákveðin,
- nánari upplýsingar um skjöl, t.d. um það hvaða önnur skjöl eru til frá sömu tækninefnd,
- að „Vista körfu“ og geyma pantanir þar til síðar og
- ýmislegt fleira.

Ýmislegt fleira

Fyrirtæki sem átt hafa regluleg viðskipti við Staðlaráð geta sótt um að fá skjöl afhent á rafrænu sniði (pdf). Þar er um að ræða staðla og önnur skjöl frá Alþjóðlegu staðlasamtökunum ISO, Alþjóða raftækniráðinu IEC og evrópsku staðlasamtökunum CEN og CENELEC, en ekki séríslenska staðla. Fyrirtæki sem gerir slíkan samning telst vera *sammingsbundinn viðskiptavinur* og getur í flestum tilfellum sótt gögn yfir Netið um leið og gengið hefur verið frá pöntun. Samningsbundinn viðskiptavinur velur hvort hann fær gögnin afhent á pappír eða á rafrænu sniði um leið og hann gengur frá



Það er einfalt og öruggt að versla í Staðlabúðinni - en ef eitthvað vefst fyrir viðskiptavinum er starfsfólk Staðlaráðs boðið og búið að aðstoða.

pöntun. Á sama hátt getur hann valið að fá staðla eða önnur gögn á innra net fyrir-tækisins. - Vilji viðskiptavinur fá séríslenska staðla á innra net sitt, er gerður um það sérstakur samningur.

Við mælum eindregið með að viðskiptavinir okkar noti Staðlabúðina á www.stadlar.is og tökum því fagnandi ef þeir hringja til að fá leiðbeiningar - eða vilja einfaldlega panta gegnum síma eða hefðbundinn tölvupóst.



Staðlar léttu þér lífið... ... þegar þú leikur handbolta

Staðallinn ÍST EN 749 *Playing field equipment - Handball goals - Functional and safety requirements, test methods* er einn fjölmargra íslenskra staðla fyrir íþróttir.

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Staðlamálum í heild sinni eða hluta, en eru vinsamlega beðnir að geta heimilda í slíkum tilvikum.

Þeim sem vilja koma efni í blaðið er bent á að hafa samband við Hjörtur Hjartarson.